**Fundargerð**

**494. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 29. júní 2023, klukkan 16:33.**

**Fundinn sátu:**
Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 16.33

**Fundargerðir til samþykktar**

1. 2306004F - Skipulagsnefnd - 186

1.1 2211019 - Fjaðrárgljúfur breyting á deiliskipulagi.

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd samþykkir breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða tillöguna í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.2 2212020 - Geirland, breyting á deiliskipulagi

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd samþykkir breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða tillöguna í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.3 2302029 - Núpar, breyting á deiliskipulagi

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd, samþykkir breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða tillöguna í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.4 2303004 - Breyting á deiliskipulagi íbúða- og frístundabyggðar í landi Efri-Víkur við Kindagötu

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.5 2306032 - Hrífunes I 216583, deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd frestar málinu. Skipulagsfulltrúa falið að koma ábendingum sem fram komu á fundinum til skipulagshöfundar.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.6 1802012 - Húsnúmer prestseturs

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að beiðnin verði samþykkt og að prestsetrið verði númer 9 við Klausturveg.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.7 2306028 - Stofnun lóðar úr landi Prestsbakka

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.8 2301003 - Hlíð 163361 vegsvæði

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.9 2301001 - Hlíð-lóð 218916 vegsvæði

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.10 2301002 - Úthlíð 163462 vegsvæði

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.11 2306031 - Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku á Hrífunesheiði

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 186**

Skipulagsnefnd samþykkir að skipulagsfulltrúa verði heimilt að veita framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 enda náman skilgreind í auglýstri tillögu endurskoðaðs aðalskipulags Skaftárhrepps.

**Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.**

## Fundargerðir til kynningar

2. 2306034 - 140. fundur rekstrarnefndar

*Lögð fram fundargerð 140. fundar rekstrarnefndar Hjúkrunar- dvalarheimilisins Klausturhóla, frá 7. júní 2023.*

Lagt fram til kynningar.

AL JG.
BHS Sni
GB

## Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

3. 2306033 - Samningur um þjónustu byggingarfulltrúa

   Oddviti, lagði fram þjónustusamning um embætti byggingarfulltrúa. Er þjónustusamningurinn á milli Skaftárhrepps og Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf.. Mun starfsmaður Vektors Gunnar Valdimarsson, gegna starfi byggingarfulltrúa Skaftárhrepps. Er samningurinn ótímabundinn en með 3ja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.
   *Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi þjónustusamning.*

4. 2306038 - Makaskiptasamningur

   Oddviti lagði fram makaskiptasamning á milli Fjármála-og efnahagsráðuneytis og Skaftárhrepps. Þar sem ríkissjóður fær 330 ha úr landi Eintúnaháls í skiptum fyrir land ríkisins á Kirkjubæjarklaustri og einbýlishúsið við Skriðuvelli 11.
   Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi makaskiptasamning.

5. 2306035 - Breytingar á heimilisfestu

   *Sveitarstjóri lagði fram tillögu um breytingar á heimilisfestu Íþróttamiðstöðvar (sundlaugar og íþróttahúss), Kirkjubæjarskóla á Síðu og Héraðsbókasafns. Lagt er til að Íþróttamiðstöðin (sundlaug og íþróttahús) verði með heimilisfestu að Laugarvegi 2 Kirkjubæjarskóli á Síðu, verði með heimilisfestu að Laugarvegi 4 Héraðsbókasafnið, verði með heimilisfestu að Laugarvegi 6*
   Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu.

6. 2306036 - Skriðuvellir 11

   *Sveitarstjóri gerði grein fyrir hugmyndum sínum um nýtingu á einbýlishúsinu við Skriðuvelli 11.*
   Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir því við skipulagsnefnd að hlutverki lóðarinnar verði breytt.

## Skýrsla sveitarstjóra

7. 2306037 - Fundur 494

   *Sveitarstjóri greindi frá þeim framkvæmdum sem nú stæðu yfir og jafnframt frá þeim vandamálum sem upp hafa komið vegna óvandaðra vinnubragða. Jafnframt greindi sveitarstjóri frá því að sveitarfélagið hefði tapað máli vegna starfsmannamála að hluta til í Landsrétti. Sveitarfélagið var dæmt til að greiða 800.000 krónur án dráttavöxta ásamt málskostnaði. En krafan á sveitarfélagið var að upphæð 9.867.272 krónur án dráttavaxta. Sveitarstjóri greindi frá því að Vegagerðin hafi gefið Skaftárhreppi aflagða brú yfir Djúpá sem byggð var 1952. Er brúin gefin til að tengja göngustígakerfi þéttbýlisins á Kirkjubæjarklaustri við nýja gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs*
   *Sveitarstjóri greindi frá öðrum störfum sínum.*

Al· JG. Shi. BHS GPS

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 17.58.

Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason

Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson